

A 1689/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um
þingmannatillögu
um vaxandi andlega vanlíðan barna og ungmenna á Norðurlöndum

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún þrúi úrræði sem gefa börnum og ungmennum á Norðurlöndum, sem þjást af andlegri vanlíðan, kost á að leita sér aðstoðar á netinu;

að hrinda af stað kortlagningu, sem flokkar og forgangsraðar ýmsum fyrirliggjandi tæknilausnum, allt frá gagnvirkum heimasíðum til appa fyrir stafræna meðferðarþjónustu;

að kortlagningin nái bæði til hins opinbera, einkageirans og almennings og verði tengd við faglega sérfræðinga og ráðgjafahópa meðal ungs fólks. Kortlagningunni er ætlað að beina athyglinni að góðum starfsvenjum (best practice) og ná til samtaka eins og Headspace (DK) og Tilia (SE);

að gerðar verði rannsóknir á geðröskunum í því skyni að finna árangursríkar aðferðir til að veita þeim ungmennum stuðning og aðstoð sem stríða við slæma geðheilsu.

Bakgrunnur

Flokkahópur jafnaðarmanna flutti tillögu sína um hrakandi geðheilsu meðal barna og ungs fólks á Norðurlöndum á þingi Norðurlandaráðs 1. nóvember 2016 og var þá fjallað um málið.

Börnum og ungu fólki á Norðurlöndum sem á í erfiðleikum fer fjölgandi. Fleiri greinast með geðræn vandamál og fleiri börn og ungmenni eiga við geðræna kvilla að stríða.

Margt ungt fólk á erfitt með að einbeita sér, sums staðar er brottfallshlutfall úr skólum hátt, atvinnuleysi og jafnvel há sjálfmorðstíðni (Grænland og Finnland). Tölulegar upplýsingar um ofbeldi, misnotkun áfengis og sjálfsskaða valda áhyggjum.

Á mörgum jaðarsvæðum á Norðurlöndum þarf að auka og efla bráða geðhjálp og almenn samfélagsúrræði sem geta tekist á við fjölbreyttari íbúasamsetningu og



aukinn fjölbreytileika meðal ungs fólks.

Í norrænu samstarfi fer pólitísk áhersla á þennan vanda vaxandi. Norræna velferðarmiðstöðin hefur unnið að verkefnum um geðheilsu barna og ungmenna í mörg ár og Norðurlandaráð hefur beint tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna og Norrænu ráðherranefndarinnar um málefnið. Síðast voru það tilmæli 12/2015 um geðheilsu barna og ungmenna á Norðurlöndum.

Í tilmælum 12/2015 var sjónum beint að miðlun upplýsinga um forvarnir, þróun nýrra meðferðarúrreða, auknum rannsóknum, minnkun þvingana og hvatningu til að taka málefni barna og ungmenna til umfjöllunar á dagskrá á árlegum leiðtogafundum um geðlækningar.

Þar sem Norræna ráðherranefndin hefur farið að öllum tilmælunum, samþykkti Norðurlandaráð árið 2016 að telja tilmæli 12/2015 að fullu afgreidd. Árlegur leiðtogafundur Norrænu ráðherranefndarinnar um geðlækningar var haldinn 27. febrúar 2017 og þar var umfjöllunarefnið einmitt geðheilsa barna og ungmenna á Norðurlöndum.

Í tillögu þessari er sjónum nú sérstaklega beint að aðstoð og stuðningi með tölvupóstum og netsamskiptum og bætist hún við það sem fram kom í tilmælum 12/2015.

Tillagan beinist einkum að því að nota netið og tækni til að hjálpa börnum og ungu fólki sem eiga í erfiðleikum. Bæði í Danmörku og Svíþjóð starfa samtök sem auk persónulegra funda að degi til, geta veitt hjálp gegnum Internetið með tölvupóstum og netspjalli á kvöldin allan ársins hring. Kvöldin, frí- og helgidagar geta reynst viðkvæmum einstaklingum sérlega erfiðar stundir. Netnotkun og samfélagsmiðlar eru samskiptaform sem ungt fólk hefur reynslu af og getur verið viðbót við samtöl og fundi í raunheimum.

Rökin að baki tillögunni eru eftirfarandi:

Andleg vanlíðan barna og ungmenna á Norðurlöndum verður æ algengari. Sænskar hagtölur (Statistiska centralbyrån, SCB) sýna að á 9. áratug síðustu aldar þjáðust um 8% ungmenna þar í landi af kvíða, angist og svefnleysi. Síðan þá hafa sálíkamlegir kvillar ungmenna orðið algengari, en á 10. áratugnum höfðu meira en 20% ungmenna fundið fyrir þeim. Samkvæmt skýrslu Velferðarmiðstöðvarinnar er þróunin svipuð hvarvetna á Norðurlöndum. Þó er meiri munur á borgum og landsbyggðinni en milli landa. Skýrslan ber heitið *When someone has to take charge* og styðst við djúpvíðtöl sem tekin voru við norsk, íslensk og færeysk ungmenni.

Ýmsar rannsóknir sýna að atvinnuleysi, lélegur námsárangur og menntunarskortur eru allt þættir sem valda andlegri vanlíðan. Áður fyrr nægði grunnskólapróf til að fá vinnu en í dag er yfirleitt farið fram á framhaldsskólapróf og kröfur um frekari menntun verða algengari. Aðrar ástæður geðrænna kvilla eru erfiðar aðstæður í æsku, til að mynda brotnar fjölskyldur þar sem áfengisvandamál eða ofbeldi eru á



heimilinu. Líkamlegt og andlegt einelti getur einnig haft alvarleg áhrif á heilsu fólks. Einelti getur einnig átt sér stað á samfélagsmiðlum þar sem gerandinn getur setið um þolandann nánast allan sólarhringinn. Andleg vanlíðan er orðin algengari í öllum hópum en tengist greinilega ýmsum félagslegum þáttum.

Brýnt er að ungmenni fái stuðning og hjálp í tæka tíð, eins og tekið er fram í skýrslu Norrænu velferðarmiðstöðvarinnar. Það er afar mikilvægt að ungmennum finnist að eftir þeim sé tekið, að á þau sé hlustað og þau tekin alvarlega. Því miður eru mörg ungmenni einmana og vantar einhvern að ræða við. Mörg ungmenni leita aðstoðar en önnur ekki. Mestu skiptir að auðvelt sé að leita sér aðstoðar og vita hvar hana er að finna. Hjálpin á að vera innan seilingar í sama umhverfi og börnin og ungmennin eða þar sem auðvelt er að nálgast hana. Mörg ungmenni nútímans eru vön netheimum þar sem þau vafra, spjalla og leita upplýsinga á Internetinu. Velferðartækni er svið sem má útvíkka og þróa í þá veru að ungmenni geti auðveldlega leitað sér hjálpar á netinu.

Í Svíþjóð og Danmörku eru dæmi þess að hægt sé að leita sér aðstoðar á netinu. Í Svíþjóð starfa til dæmis sjálfboðasamtökin *Tilia*. Þangað getur ungt fólk á aldrinum 12–30 ára leitað á kvöldin, um helgar og á helgidögum, hvort sem er í tölvupósti eða netspjalli. Um er að ræða góðgerðastarfsemi sem gefur ungmennum kost á að leita sér hjálpar. Getur það verið fyrsta skrefið fyrir ungmenni sem hefur þörf fyrir að tala við einhvern. Viðkomandi getur einnig fengið aðstoð við að leita sér faglegrar hjálpar. *Tilia* gefur unga fólkinu einnig kost á að hittast, t.d. í sumarbúðum eða stuðningshópum.

Í Danmörku starfa samtökin *Headspace*. Þangað geta ungmenni leitað til að ræða við einhvern, annað hvort með því að mæta í eigin persónu eða gegnum síma, tölvupóst eða netspjall. Starfsfólk *Headspace* eru sjálfboðaliðar sem þekkja vandann af eigin raun eða eru sálfræði- eða kennaranemar.

Miklu máli skiptir að ungmennin finni auðveldlega og fái tilskilda aðstoð þegar vanlíðan þjakar þau. Netíð má þróa sem vettvang þar sem hægt er að leita sér aðstoðar, helst samhliða stuðningsfundum og samtölum í raunheimum.

Sænsku samtökunum *Tilia* var boðið til nefndarfundarins 3. apríl 2017 og sögðu fulltrúar þeirra frá starfi samtakanna. Norræna velferðarnefndin kaus síðan að senda tillöguna viðeigandi æskulýðssamtökum á Norðurlöndum til umsagnar.

Samantekt umsagna sem hafa borist:

Ráðuneyti heilbrigðismála og málefna aldraðra (Danmörku) (Sundheds- og ældreministeriet) Vísað er í skýrsluna „Digitale tilbud til behandling af angst og depression - Forskningsrapport: Videnssøgning i Danmark“ (Stafræn tilboð um meðferðarúræði vegna kvíða og þunglyndis - Rannsóknarskýrsla: Þekkingarleit í Danmörku). Árið 2016 var 30 milljónum danskra króna veitt til rannsókna á þessu



sviði og 40 milljónum danskra króna árið 2017. Fyrir tímabilið 2017-2020 hefur ríkisstjórnin tekið frá 38 milljónir danskra króna til þróunaráætlunar vegna barna og ungmenna sem eiga við geðræn vandamál að stríða.

Geðheilsusamtökin (Finnlandi) (Föreningen för mental hälsa) benda á að mikilvægt sé að auðvelt sé að nálgast hjálparþjónustu fyrir ungmenni sem ekki hafa verið greind með geðraskanir en eru þó hjálpar þurfi. Oft er erfitt að greina geðræn vandamál hjá ungu fólki því hættumerkin eru tekin sem eðlilegar skap- og atferlissveiflur. Margt ungt fólk gerir sér heldur ekki grein fyrir að það eigi við geðræn vandamál að stríða. Netið er vinsæll vettvangur meðal ungs fólks, ekki síst einmana eða innhverfra einstaklinga.

Heilbrigðis- og velferðarstofnunin (Finnlandi) (Institutet för hälsa och välfärd) Stofnunin álitur að netið sé góð aðferð til að bjóða upp á aðstoð og stuðning við börn og ungt fólk með geðræn vandamál. Netið er hagkvæm leið þar sem jafnræðis er gætt því þar er hægt að bjóða öllum hjálp óháð stað og stund, fjárhag eða félagslegum aðstæðum. Ekki þarf að gefa upp nafn til að nýta sér netþjónustu og hún veður ekki útskýfun. Í Finnlandi á þörfin fyrir netþjónustu eftir að vaxa, ekki síst á dreifbýlum svæðum. Mikilvægt er að unga fólkið fái réttar upplýsingar við leit á netinu. Stofnunin styður tillöguna um rannsóknir til að leita aðferða sem styðja og hjálpa ungu fólki sem á við geðrænan vanda að stríða. Dæmi um mikilvæg rannsóknarsvið eru hefðbundnar sálækningar fyrir ungt fólk með tungumálavandkvæði og ungt fólk með alvarlegan hegðunarvanda.

Barnaverndarsamtök Mannerheims, MLL (Finnlandi) (Mannerheims Barnskyddsförbund, MLL) styðja þingmannatillöguna. MLL vinnur að forvörnum vegna geðheilsu barna og ungmenna í Finnlandi. MLL vinnur gegn einelti meðal barna og ungmenna. Þolendur taka virkan þátt í meðferðinni. Frá árinu 1980 hefur MLL rekið símaþjónustu fyrir börn og ungt fólk sem þarfnast stuðnings frá fullorðnum. Þjónustan kostar ekkert og er opin alla daga. Æ fleiri ungmenni sem líður illa hafa samband við MLL í gegnum síma og netþjónustu. Í Finnlandi er augljós þörf fyrir aukna netþjónustu á borð við spjallþjónustu. Mikilvægt er að nýta þá þjónustu sem þegar er í boði því hún er þekkt og nýtur trausts barna og ungmenna. Markmið MLL er að auka við þá netþjónustu sem fyrir er og samtökin leita leiða til að fjármagna hana.

Félagsmála- og heilbrigðisráðuneytið (Finnlandi) (Social- och Hälsoministeriet) Félag- og heilbrigðisráðuneytið í Finnlandi styður tillöguna. Þróun og rannsóknir eiga í auknum mæli að beinast að þjónustu fyrir börn og foreldra þeirra. Rannsóknarniðurstöður sýna að sálfélagsleg úrræði eru árangursríkust og hagkvæmust þegar gripið er inn meðan börnin eru lítil. Stuðlað er að sálfélagslegri vellíðan barna og ungmenna með stuðningi við fjölskyldu og foreldra ásamt alhliða þjónustu þar sem hugað er að öllum áhættuþáttum. Í Finnlandi stendur ríkisstjórnin fyrir verkefninu „Áætlun um þróun barna- og fjölskylduþjónustu“. Áætlunin felur í sér breytt þjónustukerfi, þjónustu og starfshætti vegna barna, ungmenna og fjölskyldna



á grundvelli notendamiðaðrar samþættingar. Þróun rafrænnar þjónustu er mikilvægur þáttur í endurskoðuninni.

Heilbrigðis- og innanríkisráðuneyti (Færeyjum) (Heilsu- og innlendismálaráðið)

Í skoðanakönnun segjast 25% ungmenna á aldrinum 18-29 ára búa við slæma geðheilsu. Eigindleg rannsókn sýnir að það er of löng bið eftir aðstoð í Færeyjum. Mikilvægt er að tryggja gæði netþjónustunnar og að tryggja að ungt fólk sem þarf á hjálp að halda sé vísað til fagaðila og viðurkenndrar meðferðar.

Í þessu ferli hefur ráðuneytið snúið sér til þriggja færeyskra æskulýðssamtaka sem styðja og fagna tillögum. Æskulýðssamtökin segja að meðferðarúrræði í Færeyjum séu fá og dýr. Ráðgjöf á netinu hefur þann kost að vera óháð búsetu. Ungt fólk getur verið nafnlaust. Að auki eru langir biðlistar eftir geðheilbrigðisþjónustu í dag.

Umboðsmaður barna (Íslandi) Styður tillögum, bæði um að auka tækifæri barna til að leita aðstoðar á netinu og um frekari rannsóknir. Á Íslandi hafa börn og ungmenni ekki nægilegt aðgengi að faglegri hjálp í nærumhverfinu. Einkum er mikilvægt að sú aðstoð sem býðst börnum sé ekki háð samþykki foreldra, hvort sem um er að ræða hjálp í gegnum netið eða persónulega hjálp. Vísað er í almennar yfirlýsingar barnanefndar Sameinuðu þjóðanna um 12. gr. barnasáttmálans, en þar stendur að aðildarríkin eigi að innleiða lög og reglur sem tryggi rétt barna til heilbrigðisráðgjafar og aðstoðar í trúnaði án þess að samþykki foreldra liggi fyrir, óháð aldri barnsins.

Geðheilsa ungmenna (Noregi) (Mental Helse Ungdom) leggur einnig áherslu á þörf fyrir góða og aðgengilega heilbrigðisþjónustu. Það er einnig mat samtakanna að meðferð við geðrænum vanda barna og ungmenna sé ekki nóg, heldur þurfi einnig að huga að forvörnum og eflingu þekkingar barna og ungmenna á geðrænum vandamálum. Tækniþróun á vera viðbót við hefðbundin meðferðarúrræði en ekki koma í þeirra stað. Að lokum benda samtökin á mikilvægi öryggis og persónuverndar þegar netið er notað til þjónustu sem bundin er trúnaði.

Umboðsmaður barna (Svíþjóð) (Barnombudsmannen) vísar í tvær skýrslur sem sænsk félagsmálayfirvöld (Socialstyrelsen) tóku saman: „Psykisk ohälsa bland unga – Underlagsrapport till Barns och ungas hälsa, vård och omsorg 2013“ (Geðræn vandamál ungmenna - bakgrunnsskýrsla um heilsu, umönnun barna og ungmenna 2013) og „Psykisk hälsa bland barn, unga och vuxna i Skåne“ (2012) (Geðheilsa barna, ungmenna og fullorðinna á Skáni). Vísað er í eftirfarandi aðila sem bjóða börnum sem líður illa stuðning og samtöl í gegnum síma, tölvupóst eða netspjall, t.d. BRIS (Barnens rätt i samhället) (Réttur barna í samfélaginu), Rädda Barnen (Barnaheill), Ungdomsmottagningen (UMO) (Ráðgjöf fyrir ungt fólk) og Barn- och ungdomspsykiatri (Barna- og unglingsgeðdeild).

Mind (Svíþjóð) Mind styður þingmannatillögum. *Mind* eru áhugamannasamtök sem sjá um Sjálfsvígslínu sem tók við 21.000 samtölum í síma og netspjall í fyrra, einkum frá ungu fólki undir 25 ára aldri. Ungt fólk var í miklum meirihluta þeirra sem leituðu aðstoðar samtakanna. Vegna þessarar miklu eftirspurnar eftir aðstoð á netinu verður á þessu ári komið upp vettvangi á netinu, *MindForum*, sem mun bjóða nafnlausan



jafningjastuðning (sem þýðir að einstaklingar sem þekkja geðræn vandamál af eigin raun fá þjálfun til að vera stuðningsaðilar hjá aðilum sem sinna umönnun, stuðningi eða endurhæfingu), fræðslu um geðheilsu og þar verður mögulegt að deila reynslu sinni.

Sænsk félagsmálayfirvöld (Svíþjóð) (Socialstyrelsen) líta tillöguna jákvæðum augum. Þau segja að ljóst sé að börnum og ungmennum með geðræn vandamál fari fjölgandi. Því er mikilvægt að koma á fót aðgengilegri meðferð og stuðningi í því umhverfi sem börn og ungt fólk þekkir, - eins og Internetinu.

Heilbrigðisþjónusta Álandseyja (Ålands Hälso- och sjukvård) Skólasálfræðingar á Álandseyjum hafa bent á þörf fyrir samræmda nemendajónustu á milli skóla. Álandseyjar eru lítið samfélag sem er landfræðilega einangrað og fagnar norrænu samstarfi um að þróa netþjónustu, gjarnan í samstarfi við Svíþjóð því á Álandseyjum er töluð sænska.

Landsstjórn Álandseyja (Ålands landskapsregering) Landsstjórnin tekur undir það að mjög mikilvægt sé að börn og ungmenni fái aðstoð og stuðning svo fljótt sem auðið er. Einkum sé mikilvægt að grípa snemma inn og greina ætti þörfina strax í leikskóla. Landsstjórnin greinir frá þeim stuðningi sem er í boði í dag á Álandseyjum, m.a. á heimasíðu Barnaheilla. Rannsóknir eru nauðsynlegar og þróun hjálpar fyrir börn og ungmenni á netinu þarf að vera undir stöðugu gæðaeftirliti.

Norðurlandaráð æskunnar (Ungdomens nordiska råd) Meiri stuðningur er nauðsynlegur, sama hvort það eru áhugamannasamtök eða rótgrónar stofnanir sem sinna geðheilsu barna og ungmenna. Það er reynsla Norðurlandaráðs æskunnar að erfitt sé að fjármagna þá aðstoð sem þegar er fyrir hendi. Beina þarf athygli sjóða og opinberra aðila að geðrænum vandamála barna og ungmenna. Geðræn vandamál eru of þröngt skilgreind þegar horft er til þeirra vandamála sem blasa við ungu fólki í dag, einkum hvað varðar streitu. Norðurlandaráð æskunnar lítur tillöguna jákvæðum augum bæði hvað varðar að taka saman góð fordæmi frá norrænu löndunum og rannsóknir til að komast að því hvaða aðferðir eru árangursríkastar.

Norræna velferðarmiðstöðin (Nordens välfärdscenter), sem er stofnun sem heyrir undir Norrænu ráðherranefndina, styður einnig tillöguna. Velferðarmiðstöðin fæst á fræðilegan hátt við geðræn vandamál barna og ungmenna og hefur lagt fram fjölda tillagna. Meðal annars er lagt til að Norðurlandaráð fari fram á það við ráðherranefndina að hún hefji kortlagningu sem flokkar og forgangsraðar ýmsum tæknilausnum, allt frá gagnvirkum heimasíðum til appa fyrir stafræna meðferðarþjónustu. Kortlagningin nái bæði til hins opinbera, einkageirans og almennings og verði tengd við faglega sérfræðinga og ráðgjafahópa meðal ungs fólks. Kortlagningunni er ætlað að beina athyglinni að góðum starfsvenjum (best practice) og ná til samtaka eins og *Headspace* (DK) og *Tilia* (SE); Tillagan er sett hér fram sem að-málgrein.



Sjónarmið nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin styður tillöguna heilshugar. Tillagan bætir við fyrri tilmæli varðandi þennan málaflokk með því að fjalla um Internetið og velferðartæknilegar lausnir til að efla geðheilsu barna og ungs fólks. Þetta styður öll nefndin. Nefndin leggur áherslu á að efla þurfi forvarnir og tímanlegar aðgerðir til að vinna gegn geðröskunum og vanheilsu. Börn og ungmenni geta verið viðkvæm og í bágri stöðu og því er mikilvægt að samfélagið mæti þörfum unga fólksins þegar þau hafa þörf fyrir stuðning. Samtökin *Tilia* og *HeadSpace* eru dæmi um það og þau bjóða upp á netþjónustu sem yfirvöld geta ekki boðið upp á. Því leggur nefndin til að norrænir ráðherrar skoði þessi góðu fordæmi nánar og vinni að málinu á Norðurlöndum.

Þórshöfn, Færeyjum, 28. júní 2017.

Bente Stein Mathisen (H)

Brigitte Klinskov Jerkel (KF)

Christian Juhl (EL)

Jenis av Rana (Mfl.)

Karen J. Klint (S)

Krista Mikkonen (gröna)

Kåre Simensen (A)

Lennart Axelsson (S)

Maria Stockhaus (M)

Mika Raatikainen (saf)

Paula Bieler (SD)

Rikard Larsson (S)

Sivert Haugen Bjørnstad (FrP)

Ulf Leirstein (FrP)